

SKTL2ÞT05

Búið til: Fri, 26 Apr 2013 11:21:39 GMT

Titill

Heimstónlist: Þjóðtónlist hér, þar og allstaðar

Skammstöfun

SKTL2ÞT05

Útgáfunúmer

2

Námsgrein

Skapandi tónlist

Viðfangsefni

þjóðtónlist

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áfanginn miðar að því að opna augu nemenda fyrir framandi þjóðtónlist víðsvegar að úr heiminum í samhengi við menningu og sögu viðkomandi þjóðar. Áhersla er lögð á verklega nálgun þannig að nemendur reyni sig við flutning og sköpun á framandi laglínum, takti og hreyfingum.

Forkröfur

Skapandi tónlist 5 einingar (Popp og rokk)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- því að þjóðtónlist eigi sér bæði fortíð og nútíð og sé afsprengi þess umhverfis sem hún verður til í
- hljóðfærum, raddbeitingu og flutningsmáta sem tilheyra tiltekinni þjóðtónlist
- tónaröðum, taktmynstrum og hreyfingum sem tilheyra tiltekinni þjóðtónlist
- hugmyndafræði tónlistarmannfræði

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- spila, syngja eða dansa þjóðtónlist af ýmsum toga einn eða í samstarfi við aðra
- tjá sig um ólíkar tegundir þjóðtónlistar, setja fram hugmyndir sínar og bregðast við viðmælendum

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera skapandi í hugsun ...sem er metið með... tónsköpun
- beita áður framandi leiðum í að skapa tónlist eða dans ...sem er metið með... tónlistarflutningi og tónsmíðum
- vera meðvitaður um þjóðfélagslegt gildi tónlistar ...sem er metið með... skriflegum og verklægum verkefnum
- tjá sig hiklaust og taka þátt í samræðum um þjóðtónlist við ólíka viðmælendur ...sem er metið með... umræðum
- leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra ...sem er metið með... tónlistarflutningi og tónsmíðum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum við tónlistarflutning

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, tjáningu, þátttöku í tónlistarflutningi og áræði. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd